

REFSIRÉTTARNEFND

Reykjavík, 24. janúar 2007.

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík.


Vísað er til bréfs allsherjarnefndar Alþingis, dags. 13. nóvember 2006, þar sem óskað er eftir að refsiréttarnefnd veiti umsögn um tillögu til þingsályktunar um afnám refsíákvæða vegna ærumeiðinga, 294. mál.

Refsiréttarnefnd hefur tekið þingmálið til umræðu á fundum sínum.

Með þingsályktunartillögunni er lagt til að Alþingi álykti að fela dómsmálaráðherra að vinna að endurskoðun XXV. kafla almennra hegningarlaga nr. 19/1940 og 26. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993 er miði að því að refsingar vegna ærumeiðinga verði aflagðar. Markmið breytinganna verði að réttarúrræði vegna ærumeiðinga færist alfarið af sviði refsiréttar yfir á svið einkaréttar. Í greinargerð með tillögunni er vísað til þess að veruleg þróun hafi orðið á sviði mannréttinda frá því að ákvæði XXV. kafla hegningarlaga voru sett og sé meðal megininkenna þeirrar þróunar aukin vernd tjáningarfrelsisins. Þá er því haldið fram að umrædd ákvæði hegningarlaga séu að ýmsu leyti í ósamræmi við þessi breyttu viðhorf og fái sum efnisatriði ákvæðanna tæpast staðið stjórnarskrána eða alþjóðlegar skuldbindingar Íslands á sviði mannréttinda. Þá sé vaxandi þrýstingur frá alþjóðasamfélaginu á að refsingar vegna ærumeiðinga verði aflagðar.

Refsiréttarnefnd telur að til greina komi að fram fari heildstæð endurskoðun á núgildandi ákvæðum almennra hegningarlaga um ærumeiðingar. Nefndin sér ekki ástæðu til að fella ákvæðin alfarið úr hegningarlögum áður en slík endurskoðun hefur átt sér stað.

f.h. refsiréttarnefndar,



Róbert R. Spanó formaður